

vik, sérleyfi til áætlunarflugs til flutninga á farþegum, pósti og vörum, á tímabilinu 21. desember 1973 til 5. desember 1978 á eftirgreindum flugleiðum:

Reykjavík—Siglufjörður—Reykjavík.

Reykjavík—Öndarfjörður—Reykjavík.

Reykjavík—Blönduós—Reykjavík.

Reykjavík—Stykkishólmur—Reykjavík.

Reykjavík—Rif—Reykjavík.

Reykjavík—Akranes—Reykjavík.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því, sem flutningaþörf krefur, að mati ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið veitt Flugfélaginu Vængjum h.f. leyfi til reglubundins áætlunarflugs, án einkaréttar, á flugleiðinni Reykjavík—Reykjahlíð við Mývatn—Reykjavík, fyrir sama tímabil og fyrr greinir. Leyfið er til flutninga á farþegum, pósti og vörum.

*Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1974.*

**Björn Jónsson.**

**Kristinn Gunnarsson.**

## REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta frá Faxaflóa, Sandgerði og Grindavík.

### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir alla fiskibáta nema útilegubáta, sem stunda róðra með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí frá Faxaflóahöfnum, Sandgerði og Grindavík.

### 2. gr.

Grein þessi fjallar um róðrartíma fiskibáta, er róa með línu frá Faxaflóahöfnum og Sandgerði á mið sunnan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og 64°17'8 n.br. og 23°18'0 v.lgd.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí má enginn bátur fara í fiskiróður frá Faxaflóahöfnum eða Sandgerði á tímabilinu frá kl. 12.00 til þess tíma er hér segir:

Í janúar .....	kl. 02.00
Í febrúar .....	kl. 01.00
Frá 1. mars til 15. mars .....	kl. 24.00
Frá 16. mars til 31. mars .....	kl. 23.00
Frá 1. apríl til loka .....	kl. 22.00

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, sem dregin er frá Sandgerðisvita 2.0 sjómíli út eftir hvíta ljósgeiranum og þaðan í norður í stað 64°07'0 n.br. og 22°47'5 v.lgd.

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, skulu nefndarmenn, sem til þess eru kvaddir samkvæmt 6. gr. reglugerðar þessarar, annast um, að merki sé gefið.

## 3. gr.

Grein þessi fjallar um róðrartíma fiskibáta frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði á mið norðan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og 64°17'8 n.br. og 23°18'0 v.lgd.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí má enginn bátur fara í fiskiróður frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði frá kl. 12.00 til þess tíma, er hér segir:

Í janúar .....	kl. 01.05
Í febrúar .....	kl. 00.05
Frá 1. mars til 15. mars .....	kl. 23.05
Frá 16. mars til 31. mars .....	kl. 22.05
Frá 1. apríl til loka .....	kl. 21.05

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við ljósdufl nr. 9 og skulu Akurnesingar gefa brottfararmerki:

Ljósdufli nr. 9 hefur verið lagt út á

64°14'5 n.br.

22°18'1 v.lgd.

Ljóseinkenni, hvítur þríblossi á 25 sek. bili.

## 4. gr.

Grein þessi fjallar um róðrartíma fiskibáta frá Grindavík. Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí má enginn bátur fara í fiskiróður frá Grindavík út fyrir bogalínu, sem dregin er 1.0 sjómílu frá Hópsnesvita, frá kl. 12.00 til þess tíma, er hér segir:

Sé róíð lengra en 16 sjómílu frá Hópsnesvita:

Í janúar .....	kl. 02.00
Í febrúar .....	kl. 01.00
Frá 1. mars til 15. mars .....	kl. 24.00
Frá 16. mars til 31. mars .....	kl. 23.00
Frá 1. apríl til loka .....	kl. 22.00

Ef róíð er styttra en 16 sjómílu frá Hópsnesvita:

Í janúar .....	kl. 03.00
Í febrúar .....	kl. 02.00
Frá 1. mars til 15. mars .....	kl. 01.00
Frá 16. mars til 31. mars .....	kl. 24.00
Frá 1. apríl til loka .....	kl. 23.00

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, skulu nefndarmenn, sem til þess eru kvaddir samkvæmt 6. gr. reglugerðar þessarar, annast um, að merki sé gefið.

## 5. gr.

Allar tímaákvörðanir í reglugerð þessari miðast við íslenskan meðaltíma.

## 6. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir eða bæjarstjórar tilnefna þrjá eða fimm bátaformenn ár hvert í nefnd til að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð merki um róðrartíma séu gefin og kæra fyrir brot á reglugerðinni til lögreglustjóra.

**7. gr.**

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 5 000—50 000, fimmtíu þúsund krónur. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mán.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

**8. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 25 apríl 1973 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. janúar 1974.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Dórður Ásgeirsson.*

**G J A L D S K R Á****Hitaveitu Hveragerðis.****1. gr.**

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

**2. gr.**

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflétir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

**3. gr.**

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

**4. gr.**

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 000.00 á mánuði fyrir aðalhemil, fyrir gróðurhús 100 fermetra og stærri og kr. 400.00 á mánuði fyrir önnur hús.
- b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 110.00 á mánuði og kr. 300.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulíttra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.